

Umhverfis- og auðlindaráðherra
Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Mývatnssveit, 9. desember 2019
UST201502-245/H.V.
09.04.04

Efni: Friðlýsingu Látrabjargs vísað til ráðherra

Í fyrstu náttúruverndaráætlun Alþingis (2004-2008) var samþykkt ályktun um að Látrabjarg og nágrenni yrði friðlýst sem búsvæði fugla. Vinna við undirbúning að friðlýsingu svæðisins komst á skrið árið 2011. Síðan þá hefur farið fram umtalsverð vinna við undirbúning friðlýsingar án þess að samkomulag hafi náðst við landeigendur svæðisins. Lengst af miðaði vinnan að því að stofna þjóðgarð á svæðinu en undir lok árs 2016 lá ljóst fyrir að ekki næðist samstaða um þá tillögu sem lögð var fram um að svæði á Hvallátrum, Keflavík og Breiðuvík yrði friðlýst sem þjóðgarður. Í desember s.á. lagði stjórn Bjartganga, félags landeigenda á Látrabjargi, fram tillögu um að mörk þess svæðis sem áætlað var að friðlýsa á Látrabjargi yrðu minnkuð og að fallið yrði frá áformum um stofnun þjóðgarðs. Í kjölfarið eða í mars 2017, var skipaður nýr samstarfshópur sem í áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, landeigenda og Vesturbyggðar. Á sama tíma var fyrri hópur leystur frá störfum en jafnframt upplýst að undirbúningi að friðlýsingu svæðisins hafi ekki verið hætt, heldur að undirbúning yrði fram haldið með breyttum markmiðum.

Í lok árs 2016 lagði Umhverfisstofnun fram drög að friðlýsingarskilmálum fyrir væntanlegt friðland. Drögin voru kynnt á fundi landeigendafélagsins Bjartganga í byrjun árs 2017 og til umfjöllunar á fyrsta fundi samstarfshópsins í mars 2017. Á þeim fundi lögðu fulltrúar Bjartganga fram tvær tillögur að mörkum fyrirhugaðs friðlands. Annars vegar mörk sem næðu 15 m frá bjargbrún og hins vegar svæði sambærilegt þeirri tillögu sem er meðfylgjandi bréfi þessu. Eftir fundinn fór Umhverfisstofnun þess á leit við fulltrúa Bjartganga að landeigendur kæmu sér saman um eina tillögu áður en vinnu við friðlýsingu yrði fram haldið. Í júní 2017 barst Umhverfisstofnun fyrirspurn fulltrúa Bjartganga þar sem óskað var eftir afstöðu Umhverfisstofnunar til þess hvort að svæði sem næði 15 m frá bjargbrún væri nægilega stórt til að þjóna tilgangi friðunar og ef ekki, hve stórt svæðið þyrfti að vera að lágmarki að mati stofnunariðar. Í kjölfarið var fulltrúi Bjartganga upplýstur um að Umhverfisstofnun myndi ekki fallast á 15 metra tillöguna á þeim forsendum að stofnunin teldi að það takmarkaði verulega möguleika til umsjónar og stýringar á á lagi svæðisins, t.a.m. félli bílastæði langt utan tillögunnar, sérstaklega ef tilfærsla á því fjær bjargbrún í samræmi við deiliskipulag næði fram að ganga. Hvað varðaði þann hluta fyrirspurnarinnar um hve stórt svæðið þurfi að vera að lágmarki miðaði

Umhverfisstofnun við það að mörk svæðisins væru 6-700 m frá bjargbrún þannig að bílastæði skv. deiliskipulagi yrði innan marka þess. Umhverfisstofnun taldi að fyrrgreint svæði myndi þjóna þeirri kröfu að lágmarksvernd yrði komið á búsvæði sjófugla sem talið er hafa alþjóðlega mikilvægt (IBA) og að stofnunin hefði yfirsýn og möguleika á stýringu á aðkomu inn á svæðið. Bent var á að hugsanlega þyrfti að breikka mörkin þar sem innviðir, s.s. göngustígar og skilti, væru fyrir eða áætlaðir í framtíðinni. Umhverfisstofnun leitaði álits Náttúrufræðistofnunar Íslands sem studdi mat stofnunarinnar um að nauðsynlegt sé að Umhverfisstofnun hafi umsjón með nægilega stóru svæði til stýringar á aðkomu fólks inn á svæðið og álagi.

Á fundi landeigendafélagsins Bjartganga sem fram fór þann 30. janúar 2018 var kosið um 3 tillögur vegna friðlýsingar Látrabjargs:

1. Lágmarkssvæði 6-700 m. sbr. mat Umhverfisstofnunar.
2. Svæði sem markast af línu sem dregin væri frá Þambaraflögum eftir Brunnanúp og sem leið liggur í Geldingsskorardal að landamerkum Bæjarbjargs.
3. Engin friðlýsing.

Niðurstaða kosninganna var sú að tillaga nr. 2 var samþykkt með miklum meirihluta. Einn hópur landeigenda vildi samþykkja tillögu nr. 1 og einn var á móti friðlýsingu. Fundurinn samþykkti að stjórn félagsins héldi áfram vinnu við friðlýsingarferlið í samræmi við niðurstöður kosningarinnar í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Þann 13. júlí 2018 lagði Umhverfisstofnun fram tillögu að friðlýsingarskilmálum með breytingum í framhaldi af því samtali sem þá hafði átt sér stað í samstarfshópnum. Ekki var um formlegt kynningarferli að ræða heldur var einungis leitað eftir astöðu landeigenda áður en vinnu yrði fram haldið. Umhverfisstofnun bárust tvö erindi, annars vegar frá Systkinafélagi Heimabæjar sf. þann 25. ágúst 2018 og hins vegar frá stjórn Bjartganga þann 4. október 2018. Í athugasemdum komu fram margar góðar ábendingar um tillöguna sem Umhverfisstofnun taldi til bóta en aðrar voru þess eðlis að stofnunin taldi að sjónarmið landeigenda og Umhverfisstofnunar væru ekki samþættanleg og í einhverjum tilfellum að þær rúmuðust ekki innan náttúruverndarlaga eða félleu ekki undir verksvið Umhverfisstofnunar í lagalegu tilliti. Í bréfi Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2018, þar sem fram kom að Umhverfisstofnun teldi að vinna við undirbúning friðlýsingar á Látrabjargi væri fullreynd með því fyrirkomulagi sem beitt hefði verið fram að því var bent á eftirfarandi atriði úr athugasemdum landeigenda:

- Að meint eignarhald íslenska ríkisins á Bæjarbjargi standist ekki og nauðsynlegt sé að skera úr um það áður en til friðlýsingar kemur.
- Að stjórnunar- og verndaráætlun skuli liggja fyrir áður en endanlegir skilmálar um friðlandið séu samþykktir og að engar breytingar verði gerðar á henni til framtíðar án þess að samþykki stjórnar félags landeigenda sé fyrir hendi.
- Að landeigendur séu undanskildir reglum um umferð skipa og báta undir bjarginu.
- Að æskilegt sé að samstarfsnefnd, sem starfar með Umhverfisstofnun eftir að friðlýsingu hefur verið komið á og landeigendur eiga sæti í, móti stefnu varðandi

framkvæmdir, verkefni og skipulagða viðburði sem ákvarðanir Umhverfisstofnunar um hið friðlýsta myndu alla jafna byggja á.

- Að vægi landeigenda í samstarfsnefnd sé skýrt þannig að landeigendur hafi úrslitavald um ákveðin málefni.
- Að ekki komi til greina að Umhverfisstofnun feli öðrum umsjón með friðlandinu án þess að einhugur ríki með landeigendum um slíka ráðstöfun og úrslitavald þeirra sé óumdeilt.

Í fyrrnefndu bréfi tók stofnunin þó fram að ekki hefði verið formlega óskað eftir afstöðu viðkomandi sveitarfélags og að tillagan hefði ekki verið kynnt öðrum sem hagsmuna eiga að gæta. Stofnunin mat það svo að ekki næðist samkomulag við landeigendur um friðlýsingu og því ákveðið að vísa málinu til ráðherra fremur en að hefja almennt kynningarferli.

Í erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 14. febrúar 2019 kemur fram að ráðuneytið meti það sem svo að Umhverfisstofnun geti ekki vísað málinu til ráðherra fyrr en að loknu því lögbundna ferli sem kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr. laga um náttúruvernd. Í ljósi þess vísaði ráðuneytið málinu aftur til Umhverfisstofnunar með þeim tilmælum að umræddu ferli yrði hrundið af stað.

Tillaga að friðlýsingu svæðisins var því kynnt opinberlega þann 17. apríl 2019. Tillagan var send öllum landeigendum og hagsmunaaðilum bent á kynninguna. Frestur til að skila inn athugasemdum var til og með 18. júlí 2019. Hluti landeigenda mótmæltu fyrirliggjandi tillögu og öllum frekari áformum um friðlýsingu. Athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og viðbrögðum við þeim er nánar lýst í umsögn um framkomnar athugasemdir sem er meðfylgjandi bréfi þessu.

Þann 8. október 2019 var haldinn fundur Umhverfisstofnunar og fulltrúa landeigendafélagsins Bjargtanga að beiðni þeirra síðarnefndu. Á þeim fundi óskaði stjórn Bjargtanga eftir frekara samstarfi við Umhverfisstofnun um enn frekari vinnu við friðlýsingarskilmála og mörk svæðisins. Umhverfisstofnun lýsti sig reiðubúna til frekara samstarfs ef berast myndu skýr skilaboð um breytta afstöðu landeigenda þannig að auknar líkur væru á að samstaða næðist meðal landeigenda um friðlýsingu. Þann 11. október s.á. barst Umhverfisstofnun erindi fulltrúa stjórnar Bjargtanga þess efnis að afstaða hluta landeigenda varðandi andstöðu við friðlýsingu væri óbreytt. Umhverfisstofnun telur að mjög skýrt hafi komið fram að ekki muni nást samkomulag við landeigendur svæðisins að óbreyttu.

Umhverfisstofnun vísar hér með máli varðandi friðlýsingu Látrabjargs til umhverfis- og auðlindaráðherra með vísan til 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 en leggur til að um 9,7 km hluti Látrabjargs verði friðlýstur sem friðland samkvæmt þeirri tillögu sem Umhverfisstofnun hefur unnið og byggir á samtali við samstarfshóp sem í eiga sæti fulltrúar landeigenda og sveitarfélags. Umhverfisstofnun telur ljóst að samkomulag um friðlýsingu muni ekki nást með óbreyttu eignarhaldi á svæðinu. Þetta er í fyrsta sinn sem Umhverfisstofnun mælir með friðlýsingu svæðis þar sem ekki hefur náðst samkomulag við alla landeigendur en stofnunin telur nauðsynlegt að svæðið verði friðlýst þar sem um er að ræða alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði með stærsta fuglabjargi í Evrópu. Mikilvægið


kemur skyrt fram í mati Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna gerðar tillögu að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár og þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Auk þess er mikill ágangur ferðamanna á svæðinu og því nauðsynlegt að grípa til stjórnunar umferðar og uppbyggingar innviða til að koma í veg fyrir að verndargildi svæðisins skerðist.

Komi til friðlýsingar bendir Umhverfisstofnun á að það regluverk sem gildir á Íslandi í dag í tengslum við framkvæmdir felur í sér að vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum skal leita leyfis Umhverfisstofnunar, viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Af því má þá leiða að verði svæðið friðlýst og til standi að byggja upp innviði til að varðveita verndargildi svæðisins þarfí leyfi allra landeigenda á svæðinu sem eru 84 talsins þegar þetta er skrifað. Ljóst þykir að ekki ríkir samhugur meðal allra landeigenda um friðlýsingu og framkvæmdir á svæðinu, sbr. athugasemdir sem bárust á kynningartíma.

Varðandi frekari rökstuðning og umfjöllun um uppbyggingu innviða vísast til umsagnar um framkomnar athugasemdir sem er meðfylgjandi bréfi þessu.

Umhverfisstofnun lýsir sig viljuga til samstarfs vegna málsins og mun veita öll þau gögn og upplýsingar sem kann að vera óskað eftir.

Virðingarfallst



Sigrún Agústsdóttir
settur forstjóri

Hildur Vésteinsdóttir
Hildur Vésteinsdóttir
teymisstjóri

AUGLÝSING

um friðland á Látrabjargi

1. gr.

Um friðlysinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samræmi við náttúruverndaráætlun 2004-2008 og lög nr. 60/2013 um náttúruvernd ákvæðið að friðlysa Bæjarbjarg og hluta lands Hvallátra sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Líffræðileg fjölbreytni svæðisins er mikil og er þar að finna fjölskrúðugt fuglalíf sem byggist m.a. á fjölbreyttu fæðuframboði og búsvæðum fyrir fugla. Látrabjarg er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, en bjargið er stærsta fuglabjarg Evrópu. Sá hluti bjargsins sem er friðlýstur er um 9,7 km langur og er bjargið þar hæst um 444 m y.s. Á svæðinu er mesta sjófuglabyggð landsins þar sem meðal annars er stærsta þekkta álkubyggð í heimi. Á svæðinu verpa fjölmargar tegundir fugla og þar á meðal tegundir sem eru á válista og ábyrgðartegundir Íslendinga s.s. álka og lundi. Lífríki í sjó er afar fjölbreytt og mikilvægt fæðusvæði varpfugla í bjarginu. Náttúrufegurð svæðisins er mjög mikil. Gróðurfar einkennist af grasmóum og klettagróðri. Þar finnst afar sjaldgæf fléttu á landsvísu, bjargstrý og stefánssól sem er friðlýst planta. Við Látrabjarg er einnig að finna menningarmínjar auk þess sem jarðsaga Vestfjarða speglast í bjarginu. Vestast á Látrabjargi eru Bjartangar sem eru vestasti tangi Íslands.

Friðlandið Látrabjarg samræmist verndarflokki IV samkvæmt flokkunarkerfi IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna).

Við ákvörðun um friðlysingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.

Friðlandið er 23,4 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlysingarinnar

Meginmarkmið friðlysingarinnar er að vernda sérstætt og fjölbreytt lífríki svæðisins og búsvæði fugla, einkum varpsvæði sjófugla. Friðlysingunni er jafnframt ætlað að vernda og viðhalda náttúrulegu ástandi ásamt mikilfenglegu landslagi frá sjávarmáli upp á hæstu brúnir og ein mestu fuglabjörg við Norður-Atlantshaf. Friðlandið hefur mikið vísinda- og fræðslugildi og er vel þekkt á meðal vísindamanna og fuglaáhugafólks. Markmið með friðlysingunni er einnig að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins, með áherslu á búsvæði og afkomu varpfugla sem og að stuðla að fræðslu um fuglalífið í Látrabjargi.

Jafnframt er það markmið friðlysingarinnar að vernda menningarmínjar svæðisins.

Svæðið hefur mikið aðráttarafl fyrir gesti sem heimsækja Vestfirði og mikilvægt er að stýra þeirri umferð með verndarráðstöfunum.

3. gr.

Mörk svæðisins

Mörk friðlandsins má sjá á korti í viðauka I. Mörkin eru hnitsett sbr. hnitaskrá í viðauka II. Sá hluti Látrabjargs sem er innan friðlýst svæðis er um 9,7 km langur. Friðlandið nær jafnframt til hafsbotns, lífríkis og vatnsbols 1 km frá landi.

4. gr.

Umsjón með friðlýsta svæðinu

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stofnunin getur falið öðrum umsjón með friðlandinu skv. 1. mgr. 85 gr. sömu laga og skal þá gerður sérstakur samningur um umsjón og rekstur sem ráðherra staðfestir. Til grundvallar samningnum um umsjón og rekstur friðlandsins skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Í samningnum skal m.a. kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, menntun starfsmanna og gjaldtöku.

Með Umhverfisstofnun starfar samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar stofnunarinnar, Vesturbyggðar og landeigenda tilnefndir m.a. af landeigendum Hvallátra. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar. Samstarfsnefndin skal funda tvisvar á ári að lágmarki.

Hlutverk samstarfsnefndar er að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir friðlandið, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingar á henni, breytingar á friðlýsingarskilmálum og önnur stefnumótandi mál sem varða friðlandið.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í samvinnu við landeigendur tilnefndir m.a. af landeigendum Hvallátra, Vesturbyggð, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 1. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks.

Leita skal umsagnar félagasamtaka og hagsmunaaðila sem tilgreind eru í samráðsáætlun vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra sbr. 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

6. gr.

Umferð um friðlandið

Almenningi er heimil för um friðlandið en skylt er að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja umgengnisreglum sem þar gilda. Gestir í friðlandinu skulu fylgja merktum gönguleiðum. Göngustafir, aðrir en þeir sem gegna hlutverki hjálpartækja aldraðra og fatlaðra, eru bannaðir innan friðlandsins. Sýna skal fyllstu varkární gagnvart lífríki svæðisins. Umferð reiðhjóla er óheimil utan akvega og bílastæða.

Umferð hesta innan friðlandsins er óheimil.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka fyrir umferð um friðlandið í samræmi við 25. gr. a laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Óheimilt er að hafa gæludýr í friðlandinu frá 1. maí til 15. september. Utan þess tíma skal hafa gæludýr í bandi og fjarlægja úrgang frá þeim. Gæta skal þess að gæludýr valdi ekki

truflun á lífríki friðlandsins, skemmdum á náttúru og menningarminjum eða valdi gestum ónæði.

Óheimilt er að lenda þyrlum og öðrum mönnuðum loftförum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að nota fjarstýrð loftför nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið er leitar- og björgunarflug með mönnuðum og fjarstýrðum loftförum.

Öll umferð og landtaka skipa og báta innan friðlandsins er óheimil. Undanskilið banninu er eftirfarandi:

- a) Umferð og landtaka vegna nytja hefðbundinna hlunninda.
- b) Umferð og landtaka vegna rannsókna.
- c) Umferð skipa og báta sem leita vars undir Látrabjargi vegna veðurs og sjólags.
- d) Umferð skipa og báta er heimil eftir hefðbundnum siglingaleiðum vestur frá Bjartöngum og um Látraröst vegna öryggis sjófarenda.

7. gr.

Dvöl og umgengni

Öllum er skyldt að ganga vel og snyrtilega um friðlandið. Næturdvöl og tjöldun er bönnuð innan friðlandsins. Óheimilt er að urða eða skilja eftir úrgang innan marka friðlandsins og óheimilt er að kveikja eld.

Gestum svæðisins er skyldt að hlíta fyrirmælum landvarðar eða annarra starfsmanna hvað snertir umgengni og háttsemi í friðlandinu.

Til verndar fuglalífi svæðisins er Umhverfisstofnun heimilt að takmarka umgengni um svæðið.

8. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufraeðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun í friðlandinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti af stjórnunar- og verndaráætlun.

Náttúrufarsrannsóknir innan friðlandsins, aðrar en náttúrufarsrannsóknir Náttúrufraeðistofnunar Íslands og Hafrannsóknastofnunar, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar fyrir Umhverfisstofnun og Náttúrufraeðistofnun Íslands. Náttúrufraeðistofnun Íslands kemur á framfæri ábendingum til Umhverfisstofnunar ef stöðu verndaðrar tegundar hrakar þannig að þörf kunni að vera á sérstökum aðgerðum.

9. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið í því skyni að efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins. Í fræðsluefni um friðlandið skulu koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

Verndun dýralífs, gróðurs og jarðminja

Óheimilt er að trufla dýralíf og raska gróðri í friðlandinu, bæði á landi og í sjó.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum í friðlandinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra

plöntutegunda nr. 583/2000. Fjarlægja skal framandi tegundir plantna og dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Nánar skal fjallað um framandi lífverur í stjórnunar- og vendaráætlun.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan friðlandsins, nema með sérstöku leyfi skv. 12. gr.

11. gr.

Verndun menningarminja

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar hefðbundnar nytjar landeigenda, s.s. eggjataka, eru heimilar eins og verið hefur. Óheimilt er að framselja hefðbundinn nytjarétt landeigenda til eggjatöku nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun er heimilt að takmarka eggjatöku ákveðinna tegunda sé sýnt fram á að fækkað hafi í stofni og að hann eigi undir högg að sækja. Fjalla skal sérstaklega um framkvæmd og leyfi til eggjatöku í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

Framkvæmdir skulu vera í samræmi við markmið friðlýsingarinnar og skulu ekki rýra verndargildi svæðisins. Framkvæmdir eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sveitarstjórnar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki og samþykki landeigenda á framkvæmdasvæði. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt aðalskipulag Vesturbyggðar, deiliskipulag svæðisins og stjórnunar- og verndaráætlun. Þegar ekki liggur fyrir staðfest skipulag eða stjórnunar- og verndaráætlun er Umhverfisstofnun heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum ef þær ganga ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan friðlandsins, s.s. vegna kvíkmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

13. gr.

Veiði og notkun skotvopna

Á tímabilinu 11. maí til 1. september er öll meðferð skotvopna bönnuð innan marka friðlandsins nema til refa- og minkaveiða í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Aðrar veiðar skulu einnig alltaf vera í samræmi við ákvæði fyrrgreindra laga.

Veiðar á ref eru heimilar samkvæmt almennum reglum þar um. Halda skal skrá yfir greni og veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

Stefnt er að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar á vegum Vesturbyggðar og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

14. gr.


Refsiákvæði

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 90. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Landvörðum eða öðrum starfsmönnum friðlandsins er heimilt að vísa þeim af svæðinu sem brýtur gegn ákvæðum náttúruverndarlaga eða þeim reglum sem um svæðið gilda sbr. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

15. gr.
Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.




Viðauki I – Mörk friðlýsta svæðisins



UMHVERFIS STOFNUN http://www.ust.is	Látrabjarg	 Friðland Vegir	Flatarmál: 23,4 km ² Kortavörpun: Lambert kailuvörpun Hnattstáða: ISN93 Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ Dags: 29.08.2019 <small>© Landmælingar Íslands</small>
---	-------------------	---------------------------	---

Viðauki II – Hnitaskrá

Punktur	X-hnit	Y-hnit
1	244587	568763
2	244711	568896
3	246194	567435
4	248611	567125
5	250910	566588
6	251155	566931
7	252250	567264
8	252693	566646
9	252461	564887
10	249815	564976
11	248767	564567
12	247758	564388
13	246335	564469
14	245244	564802
15	243711	566238
16	243276	567065
17	243288	567581
18	243590	568127
19	244587	568763



Umsögn

um framkomnar athugasemdir við tillögu að friðlýsingu Látrabjargs í Vesturbýggð.

Tillaga að friðlýsingu Látrabjargs sem friðlands var auglýst þann 17. apríl 2019 í samræmi við 2. mgr. 39. gr. náttúruverndarlaga. Tillagan var send öllum landeigendum og samráðs- og hagsmunaaðilum. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana. Auk þess var tillagan auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og facebook síðu þar sem öllum gafst kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Frestur til að gera athugasemdir var til og með 18. júlí 2019. Svæðið sem tillagan tekur til nær yfir hluta lands Hvallátra og Bæjarbjarg. Tillagan sem auglýst var byggir á samvinnu stofnunarinnar við samstarfshóp sem í áttu sæti fulltrúar landeigenda og sveitarfélags og þeim athugasemdum sem bárust frá landeigendum við áður framlagða tillögu Umhverfisstofnunar að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið.

Athugasemdir og ábendingar bárust frá 10 aðilum og snúa fyrst og fremst að friðlýsingarskilmálum og mörkum svæðisins. Athugasemdirnar eru að hluta sambærilegar athugasemdum sem áður hafa borist og Umhverfisstofnun hefur þegar svarað.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og umsögn Umhverfisstofnunar og lýsingu á viðbrögðum þar sem við á. Umfjöllun um athugasemdir er skipt upp í samræmi við greinar í friðlýsingaskilmálum.

1. gr. Um friðlýsinguna

- Í athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands er lögð til umorðun á greininni þannig að greinin hljóði svo: „Látrabjarg er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, en bjargið er stærsta fuglabjarg í Evrópu. Sá hluti bjargsins sem er friðlýstur er um X km langt og hæst um 444 m y.s. og þar er mesta sjófuglabyggð landsins þar sem meðal annars er stærsta þekkta álkubyggð í heimi.“
- Athugasemd barst frá stjórn Systkinafélagsins Heimabæjar sf. um orðalag 1. gr. þar sem vísað er til „fjölmennstu sjófuglabyggðar landsins“. Lagt er til að nota fremur orðalagið „fjölliðasta sjófuglabyggð“ eða „stærsta fuglabyggð“ landsins. Enn fremur er gerð athugasemd við orðalagið „Á svæðinu hafa orpid fjölmargar tegundir fugla...“ og lagt er til að orðalagi verði breytt þannig að hljóði svo: „Á svæðinu verpa fjölmargar tegundir fugla...“.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingarnar og hefur umorðað auglýsingu um friðlýsingu svæðisins með hliðsjón af þeim.

3. gr. Mörk svæðisins

- Í athugasemdum stjórnar Bjarttanga og Agnars Búa, Sverris Arnar og Þorvalds Arnars Þorvaldssona kemur fram að þessir aðilar telja ómögulegt að leiða mörk svæðisins út frá textanum og að hnitaskrá sé ekki aðgengileg. Í athugasemdum kemur fram að þessir aðilar telja nauðsynlegt að textalýsingin sé lagfærð og að farið verði yfir hnitaskrá af hálfu Bjarttanga. Agnar Búi, Sverrir Örn og Þorvaldur Arnar benda jafnframt á að í lýsingunni er að finna örnefni sem ekki eru skráð á kortasjár og að svo virðist sem áttum sé jafnvel snúið.

- Athugasemdir bárust frá Þórði Kristjánssyni um að textalýsing á mörkum svæðisins væri ekki góð og að í henni séu örnefni sem ekki er að finna á neinu korti. Einnig voru gerðar athugasemdir við að hnitaskrá af mörkum svæðisins væri ekki aðgengileg.
- Ábending barst frá eigendum Sæbóls um að svæðið sem lagt er til að friðlýst verði sé of stórt, þar sem umferð er lítil nema á bjargbrún og á svæðinu í kringum hana. Þá telja eigendur Sæbóls að ekki sé þörf að friðlýsa menningarminjar á svæðinu.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Gerðar voru athugasemdir við að hnitaskrá væri ekki aðgengileg. Mörk tillögunnar hafa verið hnitettt og hnitaskrá hefur verið gerð. Hnitaskrá er meðfylgjandi tillögu að friðlýsingu sem vísað er til ráðherra, ásamt korti. Að auki verða þekjur með mörkum svæðisins aðgengilegar öllum komi til friðlýsingar.

Hvað varðar ábendingu um að textalýsing á mörkum svæðisins sé ógreinileg og jafnvel ruglandi hefur Umhverfisstofnun gert breytingar á greininni og hljóðar hún nú svo: *Mörk friðlandsins má sjá á korti í viðauka I. Mörkin eru hnitettt, sbr. hnitaskrá í viðauka II. Sá hluti Látrabjargs sem er innan friðlýst svæðis er um 9,7 km langur. Friðlandið nær jafnframt til hafsbotns, lífríkis og vatnsbols 1 km frá landi.* Jafnframt hefur fleiri örnefnum verið bætt inn á kort sem sýnir mörk friðlandsins til skýringar.

Gerðar voru athugasemdir við að svæðið væri óþarflega stórt þar sem umferð er lítil nema á bjargbrún og á svæðinu í kringum hana. Sú tillaga sem lögð er fram um mörk svæðisins byggir á tillögu frá fulltrúum landeigenda sem kosið var um á fundi landeigendafélagsins Bjarttanga sem fram fór þann 30. janúar 2018 en mikill meirihluti landeigenda var fylgjandi framangreindri tillögu og fóli stjórn félagsins að halda áfram viðræðum við Umhverfisstofnun út frá henni skv. bréfi dags. 31. janúar 2018. Með þeim mörkum sem lögð eru fram í þessari tillögu telur Umhverfisstofnun að komið sé á vernd á búsvæði sjófugla sem hefur alþjóðlega verndarstöðu (IBA) og að stofnunin hafi yfirsýn og möguleika á stýringu á aðkomu gesta inn á svæðið.

4. gr. Umsjón með friðlýsta svæðinu

- Frá Agnari Búa, Sverri Erni og Þorvaldi Arnari Þorvaldssonum og stjórn Bjarttanga barst ábending um að orðalagi í 2. mgr. 4. gr. verði breytt og hljóði svo með breytingum: „*Með Umhverfisstofnun starfar samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar stofnunarinnar, fulltrúar landeigenda tilnefndir af landeigendum Hvallátra og fulltrúar Vesturbyggðar.*“

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Breytingar voru gerðar á þeirri grein sem gerð var athugasemd við og hljóðar hún nú svo: „*Með Umhverfisstofnun starfar samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar stofnunarinnar, landeigenda tilnefndir m.a. af landeigendum Hvallátra og Vesturbyggðar.*“

5. gr. Stjórnunar- og verndaráætlun

- Ábending barst frá stjórn Systkinafélagsins Heimabæjar sf. um að engar breytingar verði gerðar á stjórnunar- og verndaráætlun án samþykkis stjórnar félags landeigenda. Jafnframt kom fram að stjórnin telur mikilvægt að stjórnunar- og verndaráætlun liggi fyrir áður en endanlegir skilmálar fyrir friðlandið eru samþykktir.

- Einnig kom fram tillaga frá Agnari Búa, Sverri Erni og Þorvaldi Arnari Þorvaldssonum og stjórn Bjartanga um að 1. mgr. 5. gr. hljóði svo með breytingum: „*Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í samvinnu við fulltrúa landeigenda, skipaða af landeigendum Hvallátra, Vesturbyggð, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 1. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.*“

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Varðandi ábendingu um að engar breytingar verði gerðar á stjórnunar- og verndaráætlum án samþykkis stjórnar félags landeigenda bendir Umhverfisstofnun á að í 81. gr. laga nr. 60/2013 þar sem fjallað er um stjórnunar- og verndaráætlanir kemur ekki fram að samþykki landeigenda þurfi fyrir stjórnunar- og verndaráætlun. Hins vegar kemur fram að stjórnunar- og verndaráætlun skuli gera í samvinnu við eigendur svæða, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Umhverfisstofnun telur að slíkt eigi einnig við um þær breytingar sem gerðar eru á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið og þær því alltaf gerðar í samvinnu við landeigendur.

Bent var á að mikilvægt væri að stjórnunar- og verndaráætlun lægi fyrir áður en endanlegir skilmálar væru samþykktir. Í því sambandi bendir Umhverfisstofnun aftur á ákvæði 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þar segir m.a. að Umhverfisstofnun beri ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlana og að tillaga að áætlun skuli liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar. Upphaflega fór vinna við undirbúning að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Látrabjargssvæðið af stað í október árið 2013 á svipuðum tíma og sveitarfélagið hóf deiliskipulagsvinnu. Fljóttlega kom í ljós að friðlýsing Látrabjargs yrði flókið verkefni og var þá fallið frá vinnu við áætlunina þar til annað skýrðist. Alla jafna er vinnulag Umhverfisstofnunar með þeim hætti að ekki er hafist handa við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrr en fyrir liggja drög að friðlýsingu landsvæðis. Áætlunin er síðan unnin í samræmi við áðurnefnd lagaákvæði. Stjórnunar- og verndaráætlunin byggir á friðlýsingarskilmálunum og er ætlað að móta stefnu um framtíð hins friðaða svæðis, setja fram markmið og leiðir að þeim markmiðum. Umfang vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlýst svæði er síst minna en undirbúningur friðlýsingaskilmála. Umhverfisstofnun hefur, frá árinu 2011, lagt mikla vinnu í undirbúning friðlýsingar Látrabjargs og gerir ráð fyrir að framhald vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun verði með hefðbundnum hætti sbr. framangreint.

Hvað varðar ábendingu um að fulltrúar landeigenda skuli skipaðir af landeigendum Hvallátra voru gerðar breytingar á 1. mgr. 5. gr. og hljóðar hún nú svo : „*Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í samvinnu við landeigendur skipaða m.a. af landeigendum Hvallátra, Vesturbyggð, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 1. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013...*“

6. gr. Umferð um friðlandið

- Í athugasemnum stjórnar Bjartanga kemur fram að stjórnin lýsir vonbrigðum með að ekki sé tekið á flugumferð við og yfir því svæði sem til stendur að friðlýsa, sérstaklega í ljósi flugslyss við Látrabjarg í sumar. Stjórnin ítrekar þá skoðun sína að í friðlýsingarskilmálum þurfi að vera ákvæði sem takmarka flugumferð og áréttar að farið sé að lögum um verndun villtra fugla með því að tilgreina fjarlægðarmörk úr lofti á sama hátt og kveðið er á um umferð báta og skipa. Þá kemur einnig fram í

athugasemdum stjórnar Bjartanga að í ljósi afstöðu Samgöngustofu vegna eftirlitshagsmuna, telji stjórnin að atvikið sýni einmitt mikilvægi þess að slík fjarlægðarmörk séu til staðar, þannig að þegar atvik sem þessi verða, sé hægt að leiða hlutlægt í ljós við rannsókn þeirra hvort farið hafi verið eftir skilgreindum mörkum, frekar en að leggja huglægt mat á hvað felst í matskenndum ákvæðum laga um verndun villtra fugla. Stjórnin leggur til að sett verði sambærileg ákvæði um flug við Látrabjarg eins og um umferð skipa, sbr. 6. mgr. 6. gr. draganna.

- Í athugasemdum Agnars Búa, Sverris Arnar og Þorvalds Arnars kemur fram að þeir telja mikilvægt að sett séu skýr mörk um nálægð flugs við Látrabjarg í ljósi nýlegs alvarlegs flugatviks við Djúpadal. Þeir telja nauðsynlegt að í friðlýsingarskilmálum séu ákvæði sem takmarki flugumferð og áréttu að farið sé að lögum um verndun villtra fugla með því að tilgreina fjarlægðarmörk úr loft á sama hátt og tekið er á umferð báta og skipa.
- Ábending barst frá Þórði Kristjánssyni þess efnis að nauðsynlegt væri að hafa í auglýsingu ákvæði um lágmarks hæð og fjarlægð mannaðra og ómannaðra loftfara sem flogið er í nánd við bjargið og að slíkt væri í samræmi við nálægðartakmarkanir á sjó sem eru í tillögu að auglýsingu um friðlýsingu svæðisins. Því til stuðnings var bent á dæmi um nýlegt flugslys á svæðinu.
- Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands leggur stofnunin til að skerpt verði á orðalagi og að óheimilt verði að fljúga innan friðlands undir ákveðinni hæð til viðbótar við ákvæði um að óheimilt sé að lenda þyrlum og öðrum mönnuðum loftfórum, þ.e. að sett verði inn hæðartakmörkun, en fjarlægðartakmörk miði við 1 km frá bjarginu.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Vegna ábendinga varðandi flugumferð yfir svæðinu bendir Umhverfisstofnun á að þegar hafa verið sett tilmæli í Flugmálahandbók Íslands (AIP), kafla 5.6. um farfugla og svæði með viðkvæmu dýralífi. Þar er Látrabjarg tilgreint sem svæði með viðkvæmu dýralífi og bent á þær reglur sem gilda varðandi flug í grennd við fuglabjörg og þá aðgát sem hafa skal í nánd við varplönd fugla. Í samstarfshópi sem vann að undirbúningi friðlýsingarinnar var rætt um að frekari tilmæli varðandi flug ættu fremur heima í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið, þar sem heimilt er að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl skv. 81. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að setja viðmið um flughæð og fjarlægð með nákvæmari hætti en kveðið er á um í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, en að slík viðmið verði ekki sett nema með samráði og samþykki yfirvalda flugmála. Umhverfisstofnun telur að setning slíkra reglna falli vel undir ákvæði 81. gr. laga um náttúruvernd og yrðu þannig settar í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

8. gr. Rannsóknir og vöktun

- Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að stofnunin ber ábyrgð á vöktun og rannsóknum á sjó og lífríki sjávar hér við land og stendur m.a. að víðtækum rannsóknum í Breiðafirði á straumum, sjávargróðri og fiskungviði sem ná uppí fjöru. Að auki hefur stofnunin með höndum rannsóknir á ferskvatni á landi og lífríki þess. Stofnunin leggur til að 8. gr. verði breytt og hljóði svo með breyttingum:

„aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknarstofnunar, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.“

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar Hafrannsóknarstofnunar og hefur greininni verið breytt til samræmis við ábendinguna.

12. gr. Landnotkun

- Athugasemd barst frá stjórn Systkinafélagsins Heimabæjar sf. um að fuglaveiðum og fiskveiðum yrði bætt við í fyrstu setningu 12. gr sem fjallar um nytjar.
- Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að eftir því sem stofnuninni er kunnugt um hafi hefðbundnar nytjar, eggjataka, landeigenda að mestu lagst af ef ekki alveg. Í umsögninni kemur þó fram að björgunarsveitin á Patreksfirði hafi haft leyfi til að fara í bjargið. Stofnunin veltir því upp þeirri spurningu hvort ekki sé eðlilegast að það komi fram að óheimilt sé að framselja hefðbundnar nytjar s.s. eggjatöku, nema með sérstöku leyfi og bendir á að horfa skuli til Bernarsamningsins, sérstaklega II og III kafla hvað varðar stjórn á veiðum og nýtingu. Stofnunin leggur til að greinin gæti orðast svo: „*Allar hefðbundnar nytjar landeigenda s.s. eggjataka, eru heimilar eins og verið hefur. Óheimilt er að framselja hefðbundinn nytjarétt landeigenda til eggjatöku nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar. Fjalla skal sérstaklega um framkvæmd og leyfi til eggjatöku í verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið.*“ Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að með því að gera þetta svona væri hægt að viðhalda nytjum ef vilji er til þess og af sérstökum ástæðum svo framarlega sem nýtingin er talin sjálfbær. Með hliðsjón af t.d. loftslagsbreytingum og þeim áhrifum sem þær virðast hafa haft, t.d. á fæðu, sé ekki víst og sjálfgefið að ótakmörkuð eggjataka, til að selja egg villtra fuglastegunda á markaði, sé sjálfbær nýting þegar sýnt hefur verið fram á að ákveðnum fuglastofnun hefur hrakað (sjá Válista fugla).
- Í athugasemnum frá stjórn Bjarttanga og frá Agnari Búa, Sverri Erni, Þorvaldi Arnari Þorvaldssonum er lögð fram tillaga um að 12.gr. hljóði svo með breytingum:
 1. mgr.: Allar hefðbundnar nytjar **landeigenda Hvallátra**, s.s. eggjataka, eru heimilar eins og verið hefur.
 2. mgr.: Framkvæmdir skulu vera í samræmi við markmið friðlýsingarinnar og skulu ekki rýra verndargildi svæðisins. Framkvæmdir eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sveitarfélags sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvíki og samþykki **landeigenda Hvallátra**.“

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Hvað varðar ábendingar um að bæta skuli fuglaveiðum og fiskveiðum í 1. mgr. 12. gr. bendir Umhverfisstofnun á að með því orðalagi sem nú er í greininni, „*Allar hefðbundnar nytjar landeigenda, s.s. eggjataka, eru heimilar eins og verið hefur.*“ er skýrt að allar nytjar sem teljast til hefðbundinna nytja eru heimilar eins og verið hefur og að eggjataka er aðeins nefnd sem dæmi. Greinin útilokar því ekki fugla- og fiskveiðar sé sýnt fram á að þær nytjar séu hefðbundnar. Í þessu samhengi tekur Umhverfisstofnun undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands og hefur gert breytingar á 1. mgr. 12. gr. til samræmis við tilögur Náttúrufræðistofnunar. Í ljósi umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands var einnig bætt inn ákvæði í auglýsingu þess efnis að Umhverfisstofnun sé heimilt að takmarka eggjatöku ákveðinna tegunda sé sýnt fram á að fækkað hafi í stofni og að hann eigi undir högg að sækja.

Varðandi ábendingar um breytingar á 1. mgr. greinarinnar telur Umhverfisstofnun að skýrt sé að hefð-bundnar nytjar landeigenda séu heimilar. Stofnunin tekur ekki afstöðu til mála er varða eignarhald á Bæjarbjargi sbr. umfjöllun hér á eftir, og telur ekki rétt að útiloka aðra landeigendur en landeigendur Hvallátra. Skýrt er að greinin nær til hefðbundinna nytja landeigenda innan svæðisins, óháð því á hvaða svæði eignarhaldið er.

Hvað varðar ábendingar um breytingar á 2. mgr. greinarinnar hefur greininni verið breytt og hljómar sa hluti greinarinnar sem gerð var athugasemd við nú svo: „*Framkvæmdir eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sveitarstjórnar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki og samþykki landeigenda á framkvæmdasvæði*“

Annað

Bæjarbjarg

- Athugasemdir frá stjórn Bjartanga og Þórði Kristjánssyni bárust um að laga þurfi textann þar sem vísað er til Bæjarbjargs. Því er hafnað að Bæjarbjarg hafi eignarhald í Látrabjargi og að ríkið hafi egnarrétt á Bæjarbjargi eins og kemur fram í auglýsingunni. Texti draganna vísi til Bæjarbjargs á þann hátt að það lúti ekki sama eignarhaldi eins og aðrir hlutar Látrabjargs.
- Þórður Kristjánsson gerir athugasemdir við meint eignarhald ríkisins á þeim hluta Látrabjargs sem nefndur hefur verið Bæjarbjarg með rökstuðningi þar sem vísað er til þess að í ítaki felist ekki egnarréttur, heldur einungis nytjaréttur. Í athugasemnum bendir Þórður á að texti í tillögu að friðlýsingi svæðisins vísi til Bæjarbjargs á þann hátt að það lúti ekki sama eignarhaldi og aðrir hlutar Látrabjargs og að þann hluta þurfi að laga.
- Gyða Guðmundsdóttir og Marías Sveinsson telja að eignarhald á Bæjarbjargi sé ekki skýrt og gera kröfu um að það sé skýrt. Benda þau á að kröfulýsing ríkisins fyrir Barðastrandarsýslur hefur verið lögð fram.
- Einnig komu ábendingar frá stjórn Bjartanga og Agnari Búa, Sverri Erni og Þorvaldi Arnari Þorvalds-sonum um að ekki skuli vísa til örnefnisins Bæjarbjargs sem bújarðar eða landeignar. Það sé fornt ítak sem féll niður. Þeir gera fyrirvara um orðalag friðlýsingarskilmála og áréttu að með því að þeir lýsi sig hlynnta friðlýsingu Látrabjargs, náist niðurstaða þar um með landeigendum Hvallátra, felist ekki viðurkenning á því að Bæjarkirkjuítak sé enn til staðar, né skapi það þeim sem telji sig handhafa þess neins konar egnarréttindi í Látrabjargi.
- Óbyggðanefnd bendir á að nefndin hefur til meðferðar kröfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins um að Bæjarbjarg sé þjóðlenda. Frestur annarra en ríkisins til að lýsa kröfum um egnarréttindi þar sé til 16. ágúst næstkomandi. [innsk. Umhverfisstofnunar, frestur framlengdur til 10. október.]

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að það fellur ekki undir verksvið stofnunarinnar að skera úr um ágreiningsmál um eignarhald á landi og því tekur Umhverfisstofnun ekki afstöðu til ábendinga varðandi eignarhald á Bæjarbjargi. Þó bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt afsali dags. 11. október 1993 afsala Albert Gíslason og Ólöf Erna Ólafsdóttir hluta jarðarinnar Saurbæjar í Rauðasandshreppi sem nefndur er Bæjarkirkjuítakið í landamerkjabók Barðastrandasýslu til Ríkissjóðs. Þá er til meðferðar hjá Óbyggðanefnd kröfulýsing vegna

Barðarstrandasýslu þar sem þess er krafist af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði sem nefnt er Bæjarbjarg sé þjóðlenda. Ekki liggur fyrir úrskurður í málinu.

Keflavík

- Náttúrufræðistofnun Íslands sendir inn athugasemd um að æskilegt hefði verið að allt bjargið, þ.m.t. Keflavíkurbjarg, væri hluti af hinu friðlýsta svæði og bendir í því tilliti á að tillaga stofnunarinnar um að bjargið verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár næði allt til Keflavíkur

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands en vísar til þess að þegar að fallið var frá áformum um að friðlýsa Látrabjarg sem þjóðgarð í árslok 2016 vegna þess að ekki náðist samstaða um þá hugmynd, lýstu landeigendur í Keflavík sig mótfallna því að svæðið yrði friðlýst öðruvísi en sem þjóðgarður og kusu þar með að draga sig út úr þeim viðræðum sem þá fóru í gang og núverandi tillaga byggir á.

Félagið Bjartangar

- Stjórn Bjartanga og Sverrir Örn, Agnar Búi og Þorvaldur Arnar Þorvaldssynir benda á að félagið Bjartangar hefur engan umráðarétt yfir eignum landeigenda og á engan hlut í Látrajörðunum og benda á að bæta þurfi úr ágöllum á skilmálum sem eru þess eðlis að þeir ganga á eignarrétt landeigenda. Telja þessir aðilar að skýrara orðalag þurfi er varðar aðkomu landeigenda.
- Ábending barst frá Þórði Kristjánssyni um að félagið Bjartangar sé ekki landeigendafélag þar sem það er opið öðrum en landeigendum á Hvallátrum. Bent er á að betur færi á því að vísa til landeigenda Hvallátra í friðlýsingu.

Viðbrögð

Gerðar hafa verið breytingar á friðlýsingarskilmálum þannig að ekki er vísað til landeigendafélagsins Bjartanga. Varðandi breytingarnar sem gerðar hafa verið vísast til umfjöllunar um breytingu á einstökum greinum.

Vinnubrögð Umhverfisstofnunar, vísun til ráðherra og auglýsing á tillögu

- Gyða Guðmundsdóttir og Marías Sveinsson gera athugasemdir við vinnubrögð Umhverfisstofnunar þar sem segir að fulltrúar Umhverfisstofnunar hafi lokað fyrir frekari viðræður við landeigendur eftir að stjórn Bjartangafélagsins sendi inn athugasemdir. Jafnframt gera þau athugasemdir við að málinu vegna undirbúnings að friðlýsingu hafi verið vísað til ráðherra án frekari viðræðna við þau. Enn fremur gera þau athugasemdir við að hafa lesið í blöðum að búið væri að auglýsa tillögu að friðlýsingu áður en bréf Umhverfisstofnunar barst þeim.
- Bryndís Hrafnkelsdóttir, landeigandi á Bjartöngum, tekur fram í sínum athugasemdum að hún vonist til þess að Umhverfisstofnun hlusti og bregðist við athugasemdum stjórnar svo að um friðlýsing megi nást sátt. Bent er á að það að hunsa vilja og ákall stjórnarinnar um áheyrn sé ekki til þess fallið að skapa sátt.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Í athugasemdum er að finna ummæli um vinnubrögð Umhverfisstofnunar þar sem segir að fulltrúar Umhverfisstofnunar hafi lokað fyrir frekari viðræður við landeigendur eftir að stjórn Bjartangafélagsins sendi inn athugasemdir vegna fyrri vísunar málsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Sú fullyrðing er

ekki rétt að mati Umhverfisstofnunar þar sem samstarfsnefnd var upplýst um framvindu málsins auk þess sem mikil samskipti voru símleiðis. Enn fremur fundaði stofnunin með þeim fulltrúum landeigenda sem sérstaklega óskuðu eftir fundi þann 18. mars 2019. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að stofnunin mat það sem svo að frekari fundahöld með samstarfshóp myndu ekki skila árangri þar sem ljóst þótti að ekki yrði fundað um önnur atriði en ítrekað höfðu verið tekin upp á fundum og farið yfir, bæði munnlega og skriflega. Í bréfi stofnunarinnar til ráðherra dags. 28. nóvember 2018 er gerð ítarleg grein fyrir ástæðum þess að málínun var vísað til ráðherra án frekari viðræðna við landeigendur og vísast til þess.

Umhverfisstofnun harmar að landeigendur hafi ekki fengið í hendur bréf þess efnis að tillaga um friðlýsingu hafi verið auglýst áður en fréttir um slíkt birtust í fjölmálu. Í athugasemnum kemur fram að bréfin hafi borist landeigendum nokkuð eftir dagsetningu bréfanna en þau voru send út rétt fyrir pásku og telur Umhverfisstofnun skýringarnar vera tafir á póstþjónustu. Stofnunin þakkar ábendinguna og mun hafa hana til hliðsjónar í framtíðinni.

Ýmsar athugasemdir

- Í athugasemnum stjórnar Systkinafélagsins Heimabæjar sf. kemur fram að engar breytingar skuli gera á friðlýsingarskilmálum án samþykkis stjórnar félags landeigenda.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Hvað varðar ábendingar um að engar breytingar verði gerðar á 4. gr. friðlýsingarskilmála án samþykkis stjórnar félags landeigenda bendir Umhverfisstofnun á að ekki eru gerðar breytingar á friðlýsingarskilmálum án þess að tillögur séu kynntar fyrir landeigendum og sveitarfélagi sbr. 38. og 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ýmsar athugasemdir sem Umhverfisstofnun bregst ekki sérstaklega við að svo stöddu

- Gyða Guðmundsdóttir og Marías Steinsson, eigendur Sæbóls, mótmæla þeirri auglýsingu sem auglýst er sem og öllum frekari áformum um friðlýsingu. Þá kemur einnig fram í athugasemnum frá Gyðu og Maríasi að þau telji að með friðlýsingu gefi landeigendur frá sér land þar sem Umhverfisstofnun muni geta útvistað verkefnum til alls óskyldra aðila og slíkt muni þau ekki samþykka. Gyða og Marías benda einnig á að þau telja að yfirvöld og stofnanir gangi lengra og lengra á rétt landeigenda og að tíma þessara aðila sé betur varið í önnur verkefni. Fyrrgreindir landeigendur benda einnig á að kostnaður vegna innviða á svæðinu sé óhóflegur.
- Náttúrufræðistofnun Íslands styður eindregið áform um friðlýsingu Látrabjargs og bendir því til stuðnings á tillögu stofnunarinnar um að setja bjargið á B-hluta náttúruminjaskrár og skráningu þess sem mikilvægs fuglasvæðis.
- Stjórn Bjartanga áréttar vilja sinn til að ná niðurstöðu um friðland í Látrabjargi.
- Systkinafélagið Heimabær sf. fagnar framkominni auglýsingu um fyrirhugaðri friðlýsingu en telur mikilvægt að landeigendur verði ekki skyldaðir til að greiða aðgangseyri að friðlandinu ef til gjaldtöku kemur.
- Bryndís Hrafnkelsdóttir er hlynnt friðlýsingu Látrabjargs en gerir sömu athugasemdir og koma fram frá stjórn Bjartanga.
- Þórður Kristjánsson er í meginatriðum hlynntur fyrirhugaðri friðlýsingu, en gerir þó athugasemdir sem fram koma í öðrum köflum greinargerðarinnar.

- Agnar Búi Þorvaldsson, Sverrir Örn Þorvaldsson, Þorvaldur Arnar Þorvaldsson, landeigendur Hvalátra lýsa von sinni um að niðurstaða náist um friðland á Látrabjargi.

Samantekt

Vinna við undirbúning að friðlýsingu Látrabjargs hefur nú staðið yfir um langt skeið. Í upphafi var stefnt að því að stofna þjóðgarð á svæðinu en síðar var fallið frá þeim hugmyndum og í stað þess unnið að undirbúningi að stofnun friðlands. Á þeim tíma sem varið hefur verið í undirbúning að friðlýsingu svæðisins hefur komið fram að mikill meirihluti landeigenda er fylgjandi friðlýsingu og hafa fulltrúar landeigenda sýnt verkefninu mikinn áhuga og komið með margar gagnlegar og góðar athugasemdir og ábendingar. Hins vegar er ljóst að ekki eru allir landeigendur fylgjandi friðlýsingu. Þar sem landið sem um ræðir er í óskiptri sameign er ekki unnt að undanskilja, frá friðlýsingu, eignarhlut þeirra sem ekki eru fylgjandi friðlýsingu svæðisins. Umhverfisstofnun telur að þó að samningar náist við meirihluta landeigenda bendi allt til þess að ekki muni allir landeigendur samþykkja friðlýsingu, sbr. þær ábendingar og athugasemdir sem bárust á kynningartíma og upplýsinga sem borist hafa stofnuninni eftir að kynningartíma lauk. Stofnunin telur því ljóst að samkomulag um friðlýsingu muni ekki nást með óbreyttu eignarhaldi á svæðinu.

Umsögn þessi er meðfylgjandi bréfi þar sem Umhverfisstofnun vísar málinu um friðlýsingu Látrabjargs til ráðherra á grundvelli 39. gr. laga nr. 60/2013. Meðfylgjandi bréfinu er einnig tillaga að friðlýsingarskilmálum, mörkum svæðisins og hnitaskrá. Umhverfisstofnun leggur til að svæðið verði friðlýst í samræmi við þá tillögu sem lögð er fram með framangreindum gögnum. Þetta er í fyrsta sinn sem Umhverfisstofnun mælir með friðlýsingu svæðis þar sem ekki hefur náðst samkomulag við alla landeigendur. Stofnunin telur hins vegar að nauðsynlegt sé að friðlýsa svæðið þar sem um er að ræða alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði með stærsta fuglabjargi í Evrópu. Í Látrabjargi verpa fjölmargar tegundir fugla og þar á meðal tegundir sem eru á válista og á lista yfir ábyrgðartegundir Íslendinga. Það er því ljóst að mikilvægi svæðisins er afar mikið, bæði á lands- og heimsvísu. Auk þess er mikill ágangur ferðamanna á svæðinu og því nauðsynlegt að grípa til aðgerða til stjórnunar umferðar og uppbyggingar innviða til að koma í veg fyrir að verndargildi svæðisins skerðist.

Það regluverk sem gildir á Íslandi í dag í tengslum við framkvæmdir felur í sér að vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum skal leita leyfis Umhverfisstofnunar, viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Af því má þá leiða að verði svæðið friðlýst og til standi að byggja upp innviði til að varðveita verndargildi svæðisins þurfi leyfi allra landeigenda á svæðinu sem eru 84 talsins þegar þetta er skrifað. Ljóst þykir að ekki ríkir samhugur meðal allra landeigenda um friðlýsingu og framkvæmdir á svæðinu, sbr. athugasemdir sem bárust á kynningartíma. Telur Umhverfisstofnun því að það geti verið vandkvæðum bundið að óbreyttum lögum að byggja upp fullnægjandi innviði á svæðinu svo almenningur geti notið þess.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun leggur til að um 9,7 km hluti Látrabjargs verði friðlýstur samkvæmt þeirri tillögu sem Umhverfisstofnun hefur unnið og byggir á samtali við samstarfshóp sem í eiga sæti fulltrúar landeigenda og sveitarfélags. Stofnunin bendir þó á að hún telur ljóst að samkomulag um friðlýsingu muni ekki nást að óbreyttu eignarhaldi á svæðinu.